



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/379*

*komudagur 2.12.2002*

Iðnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2002

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.

Þar er lagt til að skipuð verði nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði og verði sérstök áhersla lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, að efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum. Alpýðusamband Íslands styður tillöguna og þau markmið sem nefndinni er ætlað vinna að.

Meðfylgjandi er ályktun miðstjórnar Alpýðusambands Íslands um skipasmíðaiðnað á Íslandi frá 21. febrúar 2001.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alpýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ

# **Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands**

## **21. febrúar 2001**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar við því að framtíð skipaiðnaðarins í landinu sé stefnt í hættu. Hverfi þekking og hæfni á sviði skipasmíða og –viðgerða hér á landi vegna útflutnings allra stærri verkefna mun það hafa alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir skipaútgerð í landinu og þjóðarbúið í heild.

Þegar ákvörðun var tekin um láta viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý fara fram erlendis í stað þess að ganga til samninga við íslenskt fyrirtæki var það gert á grundvelli þess að sjö milljónum króna munaði á beinum kostnaði samkvæmt tilboði.

Ekki verður séð að Ríkiskaup hafi gert neina tilraun til að meta þann fjárhagslega ávinning sem ríkissjóður og þjóðarbúið í heild hefðu haft af því að láta viðgerðina fara fram hér á landi. Bent hefur verið á að stór hluti af kostnaði við stærri verk verði eftir hér á landi vegna þátta á borð við beina og óbeina skatta.

Í bréfi Félags járníðnaðarmanna til Ríkiskaupa var sérstaklega spurt hvort reiknað hafi verið með þjóðhagslegri hagkvæmni þess að láta vinna verkið hér á landi þegar tilboð frá erlendum og innlendum aðilum voru borin saman. Við þeirri spurningu hefur ekki fengist svar.

Þetta mál og þögn iðnaðarráðherra vekur spurningar um stefnu stjórnvalda í atvinnumálum heilu starfsgreinanna. Hvers virði er það útgerðarþjóðinni að hér fái þrífist skipaiðnaður þar sem til staðar er verkþekking og hæfni til að sinna bæði nýsmíðaverkefnum og viðhaldi?

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tekur undir gagnrýni og ábendingar Félags járníðnaðarmanna, Samiðnar og Samtaka iðnaðarins og væntir þess að skýr svör fáiast um framkvæmd og mat útboða og samhengi þess við atvinnustefnu stjórnvalda.